

Umhverfisstofnun
b.t. Kristjáns Geirssonar
deildarstjóra
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Reykjavík, 3. janúar 2013
Tilvísun: 2012110002/22.12
Verknúmer: 3340301

Efni: Athugasemdir við tillögu að starfsleyfi fyrir kvíaeldisstöð Dýrfisks ehf. í Dýrafirði

Þann 2. nóvember 2012 barst Orkustofnun með bréfi frá Umhverfisstofnun, dags. 31. október 2012, kynning á tillögu að starfsleyfi fyrir kvíaeldisstöð Dýrfisks ehf. í Dýrafirði.

Með bréfinu fylgdu eftirfarandi gögn:

1. Greinargerð vegna auglýsingar Umhverfisstofnunar á tillögu að starfsleyfi fyrir Dýrfisk ehf. til að stunda fiskeldi í Dýrafirði, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun (4 bls.).
2. Starfsleyfistillaga fyrir kvíaeldisstöð Dýrfisks ehf., kt: 700807-0450, í Dýrafirði (10 bls.).

Orkustofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við framangreinda greinargerð:

1. Orkustofnun telur rétt að benda á notkun örnefna vegna staðsetningar á eldissvæði H í texta undir mynd 2, en þar kemur fram að eldissvæðið sé við Haukadalsbót. Ef kort af Dýrafirði er skoðað í Íslandsatlas (fjórða prentun leiðrétt 2006), virðist örnefnið Haukadalsbót, eiga við um svæðið út af mynni Eyrarár, og því er spurning hvort að ekki sé of víðfemt að tengja allt eldissvæði H við það eina örnefni. Staðsetningu eldissvæðisins mætti t.d. lýsa svo, að það væri á hafsvæði á milli Eyrarodda og Garðsenda, við sunnanverðan Dýrafjörð, en rétt er að bera staðsetningu og notkun örnefna undir staðkunnuga í Dýrafirði.
2. Orkustofnun bendir á, að í lok 5. málsgreinar á 2. blaðsíðu, hefur orðið misritun, því framlenging á leyfi Íslenska kalkþörungafélagsins ehf. gildir til ársins 2014, en ekki til 2024. Orkustofnun telur glegggra að fram komi í hverju viðbótin við leyfið var fólgin, og leggur því til að lokasetning 5. málsgreinar verði orðuð svo: „Leyfið var útvíkkað, þ.e. bætt var við einni rannsóknaraðferð, og framlengt þann 29. júní 2011 og gildir það til ársins 2014“.
3. Orkustofnun ítrekar athugasemdir sínar varðandi gerð korts sem fylgi starfsleyfinu. Það er grundvallaratriði í allri kortagerð að mælikvarði sé á kortum. Mikilvægt er, að kort sem fylgir starfsleyfi, sýni afmörkun eldissvæðis samkvæmt þeim hnitum sem gefin eru upp í viðauka starfsleyfis, og æskilegt er að hafa sama auðkenni í hnitaskrá og á korti á hverju hnit fyrir sig. Að auki er mjög brýnt fyrir umsækjanda, leyfisveitanda og umsagnaraðila, að í framtíðinni verði hnit sem afmarka eldissvæði sett á sjókortagrunn, þannig að hægt sé að sjá á hvaða sjávardýpi eldissvæðið er, en slíkar upplýsingar eru mikilvægar, sér í lagi þegar meta þarf tilvist kalkþörungasetts.
4. Orkustofnun gerir athugasemdir við 7. málsgrein á 2. blaðsíðu, en þar er birtur texti úr umsögn Orkustofnunar, dags. 7. maí 2012, sem hefur verið breytt að einhverju leyti og hluti af síðustu setningunni m.a. felldur niður, sem breytir innihaldinu og slítur það úr samhengi




við aðra umfjöllun í umsögninni. Með hliðsjón af því óskar Orkustofnun eftir að vitnað verði orðrétt í neðangreinda texta úr umsögn stofnunarinnar, þar sem eingöngu er fjallað um kalkþörungasetið: „*Sem leyfisveitandi, skv. lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins, nr. 73/1990, gerir Orkustofnun tillögu um, að öll þrjú eldissvæði Dýrfisks ehf., verði að öllu leyti staðsett á meira en 30 m sjávardýpi, þar til rannsóknaniðurstöður liggja fyrir, sem segja til um hvort kalkþörungaset og/eða lifandi kalkþörungur er að finna í eða á sjávarbotninum í Dýrafirði, á minna en 30 m dýpi. Með framangreindri kröfu vonast Orkustofnun til, að kalkþörungaset og/eða lifandi kalkþörungur verði ekki fyrir hnjaski eða mengun frá fiskeldisstarfseminni, því ef að til nýtingar kemur síðar, þá er kalkþörungaset í vaxandi mæli selt til lífrænnar ræktunar, mikið selt sem bætiefni í fóður fyrir mjólkurkúr, og einnig má benda á, að fyrirtækið Hafkalk á Bíldudal selur kalktöflur til mannelis“.*


5. Í greinargerðinni kemur fram að Dýrfiskur ehf. telur að vinnsla á botninum geti verið möguleg samhliða eldinu. Orkustofnun hefur ákveðnar efasemdir um að taka/uppdæling efnis, s.s. kalkþörungaset, af botninum í nágrenni eldiskvía fari vel saman við fiskeldið, og má þar t.d. benda á að sanddæluskip þurfa allstór svæði til að geta athafnað sig við uppdælingu efnis. Orkustofnun vísar einnig til umfjöllunar í 4. lið hér að framan, um að mengun frá fiskeldi geti takmarkað notkunarmöguleika kalkþörungaset, s.s. til lífrænnar ræktunar og mannelis. Orkustofnun telur rétt, að kannað verði hvort að einhverjar rannsóknir hafi farið fram erlendis á samspili efnistöku af hafsbotni og fiskeldis á sömu slóðum.

Að lokum telur Orkustofnun rétt að benda á skýrslu sjávarútvegsráðuneytisins frá 2005 (1. fylgiskjal) um friðun viðkvæmra hafsvæða við Ísland, er í henni er m.a. fjallað um kalkþörungalög (öðru nafni kóralþörungalög). Kalkþörungabotn er talinn hafa mikið verndargildi á alþjóðavettvangi vegna auðugs dýra- og þörungalífs og blettóttar útbreiðslu, en ýmsar sjaldgæfar tegundir eiga þar höfuðstöðvar sínar. Kalkþörungabotn er jafnframt mjög viðkvæmur fyrir röskun af mannavöldum, s.s. vegna veiða eða efnistöku. Hann er lengi að ná sér eftir röskun, vegna þess hversu hægvaxta þörungurinn er, en greinar hans vaxa einungis um 1 mm á ári. Þar sem þekking á lífríki kalkþörungabotns er takmörkuð hérlendis, er lítið unnt að segja um náttúruverndargildi hans án frekari rannsókna.

Orkustofnun er ekki kunnugt um, hvaða áhrif mengun frá fiskeldi og botnfestingar á kvíum hafa á kalkþörungabotn. Orkustofnun telur að gera þurfi ráð fyrir þeim möguleika að komið geti til nýtingar á kalkþörungaseti í Dýrafirði í framtíðinni. Frekari rannsóknir gætu einnig sýnt fram á að náttúruverndargildi kalkþörungabotsins í Dýrafirði væri það hátt að ástæða væri til að friða hann.

Virðingarfyllst
f. h. orkumálastjóra


Bryndís G. Robertsdóttir
land- og jarðfræðingur


Skúli Thoroddsen
lögfræðingur

Afrit sent til:

Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Íslenska kalkþörungafélagsins ehf., Matvælastofnunar og Skipulagsstofnunar

Fylgiskjöl:

1. Ljósrit af bls. 1-3 (kápu og efnisyfirliti) og bls. 36-38 (kafla 5.3 Kóralþörungalög) úr skýrslunni: Sjávarútvegsráðuneyti 2005. Friðun viðkvæmra hafsvæða við Ísland. Niðurstöður og tillögur nefndar sem sjávarútvegsráðherra skipaði í október 2004. Sjávarútvegsráðuneyti, 60 bls. (skýrslan var skoðuð þann 16. júlí 2012 á vefslóðinni: http://www.sjavarutvegsraduneyti.is/media/Skyrslur/fridunskyrsla_2005.pdf)